



## Heggur við Rauðavatn Tré ársins



Gamall heggur (*Prunus padus*) frá upphafsárum Rauðavatsstöðvarinnar var valinn Tré ársins við hátíðlega athöfn þann 25. ágúst. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti viðurkenningarskjalinu viðtöku fyrir hönd borgarinnar en jafnframt fluttu ávörp Jónatan

Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur. Í ár eru liðin 120 ár frá stofnun Skógræktarfélags Reykjavíkur og Rauðavatsstöðvarinnar og er nánar fjallað um starfsemi hennar á blaðsíðu 4.

# Leggjum rækt við tré og fólk



Um miðjan september héldu fulltrúar Skógræktarfélags Íslands og skógræktarfélaganna á Snæfellsnesi í vel heppnaða skoðunarferð um skóga á nesinu. Ferðin var ekki aðeins kjörið tækifæri fyrir starfsmenn SÍ til að efla tengslin við skógræktarfólk á svæðinu heldur ekki síður tækifæri fyrir heimamenn til að kynnast innbyrðis og uppgötva hvað nágrannarnir eru að bardúsa. Ferðin þótti takast vel til og voru allir þátttakendur ánægðir með framtakið. Von starfsmanna Skógræktarfélags Íslands er að geta staðið fyrir svipuðum ferðum í öðrum landshlutum. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að stutt sé á milli staða er oft og tíðum lítill samgangur og samskipti milli skógræktarfólks í sama landshluta. Menn huga að skógrækt, hver í sínu horni, hafa gjarnan samband við skrifstofu SÍ í Reykjavík til að leita ráða en átta sig ekki á að í næsta þorpi er líka skógræktarfólk sem getur deilt reynslu sinni og þekkingu.

Fólk sem býr í sama landshluta þarf nefnilega oft að takast á við svipaðar áskoranir í skógrækt og skilyrði eru gjarnan keimlík, einkum þegar litið er til veðurfars og jarðvegs. Þá getur verið gott að eiga góða granna sem maður getur leitað til um góð ráð um ræktun og umhirðu skóglendis. Í mörgum tilfellum eru ráðleggingar staðkunnugra ekki síðri en þær sem fást frá sérfræðingum að sunnan. Skógræktarfólk í sömu sveit getur einnig lært hvert af öðru um hvernig megi

reka skógræktarfélag, hvernig maður háttar samskiptum við bæjaryfirvöld eða við önnur félagasamtök, hvernig virkjar maður fólk í bænum, hvar sækir maður um styrki og þar fram eftir götunum. Með auknum samskiptum og samgangi skógræktarfólks skapast jafnvel grundvöllur fyrir sameiginlegum viðburðum eða frekara samstarfi.

## Félagslegi þátturinn mikilvægur

Nú þegar yfirvöld eru hægt og rólega að aflétta síðustu sóttvarnatakmarkunum getum við vonandi farið að horfa til bjartari tíma þar sem hægt verður að boða til aðalfunda, ferða og annarra mannfagnaða á vegum skógræktarfélaganna án nokkurra varnagla og fyrirvara. Þó að sameiginlegt markmið okkar allra sé að rækta og hirða um skóga, skiptir félagslegi þátturinn ekki síður miklu máli í starfi skógræktarfélaganna. Þetta hefur mönnum orðið betur ljóst í Kófinu þegar þurft hefur að fella niður hefðbundinn aðalfund Skógræktarfélags Íslands tvö ár í röð. Eins og allir vita sem sótt hafa slíka fundi snúast þeir ekki nema að hluta til um hefðbundin aðalfundarstörf. Það sem flestir hlakka til er að hitta gamla félagi á ný, spyrja fréttu úr héraði og af ræktuninni, bregða sér í fróðlegar skoðunarferðir undir leiðsögn staðkunnugra og gera sér glaðan dag með skemmtilegu fólk. Líkt og hjá ungmennafélögunum forðum snýst þetta nefnilega ekki aðeins um ræktun lands heldur einnig lýðs.

Einar Örn Jónsson

## Laufblaðið

Fréttablað, 30. árgangur, 2. tölublað 2021.

### Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands  
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík  
Sími: 551-8150, [www.skog.is](http://www.skog.is)

### Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson  
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

### Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

### Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

### Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2021:

Jónatan Garðarsson formaður  
Þuríður Yngvadóttir varaformaður  
Jens B. Baldursson gjaldkeri  
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

### Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir  
Páll Ingbór Kristinsson  
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

### Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson  
Valgerður Auðunsdóttir  
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru  
aðalstyrktaraðilar  
Skógræktarfélags  
Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Auður Kjartansdóttir (AK), Brynjólfur Jónsson (BJ), Einar Jónsson (EJ), Elisabeth Bernard (EB), Hjördís Jónsdóttir (HJ), Jens Baldursson (JBB), Pavle Estrajher (PE), Páll Ingbór Kristinsson (PIK), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Rannveig Jóna Hallsdóttir (RJH), Reynir Þorsteinsson (RÞ), Sigurður Arnarson (SA).

## Tré vikunnar á einum stað

Þann fyrsta maí 2019 hófu meðlimir í Skógræktarfélagi Eyfirðinga að skrifa pistla undir myllumerkinu #TrévikunnarSE. Í fyrstu voru þetta vikulegir pistlar á sumrin en á þessu ári hefur ekkert hlé orðið á skrifunum. Upp úr áramótum voru settir inn nokkrir pistlar um hvernig þekkja má hinar ýmsu trjátegundir í vetrar- búningi. Annars hefur efni pistlanna verið nokkuð fjölbreytt, allt frá umfjöllun um einstök tré og upp í heilu ættirnar af trjám. Að auki hefur verið skrifað um nokkra runna sem seint geta talist tré. Sem dæmi má nefna að þann 24. júlí 2019 settum við inn pistil um grasviði eða smjörlauf (*Salix herbacea*) sem við tilnefndum sem minnstu trjátegund landsins. Einnig hafa verið pistlar um hringrásir í skóginum og margt fleira sem tengist trjám og runnum á einn eða annan hátt. Þessir pistlar hafa allir birst á Facebooksíðu félagsins. Því miður er það svo að sumir þessara pistla eru ekki lengur neitt sérstaklega aðgengilegir og að auki er ekkert sjálfgefið að allir séu á þeim samfélagsmiðli.

Svo var það á útmánuðum að Skógræktarfélag Eyfirðinga opnaði nýja heimasíðu; kjarnaskogur.is. Á henni má finna margt fróðlegt svo sem upplýsingar um skógarreiti félagsins ásamt kortum og myndum. Okkur þótti við hæfi að reyna að halda betur utan um pistlana um tré vikunnar en við höfum hingað til gert og nú eru þeir flestir aðgengilegir á heimasíðunni undir krækjunni „Fróðleiksmolar“. Þar má nú finna megnið af þeim pistlum sem ritaðir hafa verið og í hverri viku bætist við eitthvað nýtt. Þegar þetta er skrifað eru pistlarnir orðnir vel á áttunda tuginn. Óhætt er að mæla með því að áhugasamir fari inn á síðuna og skoði hina fjölbreyttu pistla sér til ánægju, fróðleiks og yndisauka.

Sigurður Arnarson

stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Eyfirðinga

## Handbók fyrir formenn skógræktarféлага

Skógræktarfélag Íslands hefur látið útbúa handbók fyrir formenn skógræktarféлага en heiðurinn að gerð bókarinnar á Elisabeth Bernard sem hefur undanfarin misseri verið starfsnemi hjá félaginu. Bókin hefur að geyma margvíslegan fróðleik um starf og verkefni Skógræktarfélags Íslands ásamt gagnlegum upplýsingum fyrir formenn aðildarféлага. Meðal annars er þar að finna lista yfir ýmsa sjóði sem hægt er að sækja um styrki í. Þó að handbókin sé einkum ætluð formönnum skógræktar-



Fjallað er um alls kyns tegundir trjáa og runna undir myllumerkinu #TrévikunnarSE. Hér er beyki í Hellisgerði (Myndir: SA).



Myndir af formfögnum trjám prýða ætíð umfjallanir Skógræktarfélags Eyfirðinga um tré vikunnar eins og af þessari fallegu ösp og hengibjörkinni Margréti.

félaganna gagnast hún einnig öðrum stjórnarmönnum og í raun hverjum þeim sem áhuga hefur á starfi skógræktarhreyfingarinnar.







## Rauðavatnsstöðin 120 ára - upphaf skógræktar á höfuðborgarsvæðinu

Í ár eru 120 ár liðin frá því að Skógræktarfélag Reykjavíkur var fyrst stofnað - 25. ágúst 1901. Markmið félagsins, sem var hlutafélag, var bæði skýrt afmarkað og metnaðarfullt: Að kaupa land við Rauðavatn og rækta þar skóg.

Verkefnið gekk misvel framan af. Fyrstu trjáplönturnar voru fluttar hingað á skipsfjöl frá æskulóðum sínum í Danmörku. Í vindbörmum og köldum melnum við Rauðavatn drápust þær flestar. Betur gekk að rækta plöntur upp af fræi í gróðrarstöð sem komið var upp á landskikanum og þar gat almenningur líka keypt tré til að gróðursetja. Margir heggir í gördum á suðvesturhorninu eiga til dæmis ættir að rekja til Rauðavatnsstöðvarinnar.


Sú tegund sem þreifst hvað best í Rauðavatnsstöðinni fyrstu árin var fjallafura. Tegundin er þó nokkuð hægvaxta og fór fólk ekki að taka eftir vexti furanna fyrir en rúmum tuttugu árum eftir að skógræktarstarf hófst við Rauðavatn. Þá höfðu sumir þegar lýst því yfir að það væri einfaldlega ekki hægt að rækta myndarleg tré á suðvesturhorninu. Búfé hafði auk þess ítrekað komist inn í trjáræktina og valdið usla. Og starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur hafði auk þess legið að mestu niðri frá því í fyrri heimsstyrjöld, enda fylgdi stríðinu löng og djúp kreppa.

Efnahagskreppan kom þó ekki í veg fyrir að fjallafururnar héldu áfram að vaxa og smám saman skapaðist skjól og betri skilyrði fyrir uppvöxt annarra trjáa. Í dag er þarna fallett skóglendi sem er hluti af stærra útivistarsvæði upp af Rauðavatni.

Rás 1 útvarpaði síðasta sumar tveimur útvarpsþáttum um aðdragandann að stofnun Heiðmerkur, í tilefni af 70 ára afmæli friðlandsins. Í fyrri þættinum

er talsvert fjallað um Rauðavatnsstöðina. Þættirnir eru aðgengilegir á vef RÚV og í hlaðvarpi Rásar 1 á Spotify, sem heitir Friðhöfnin.

*Kári Gylfason*



*Þessi heggur, sem er þar sem Rauðavatnsstöðin var, er rótarskot frá elsta hegg sem við höfum heimildir um hér á landi (Mynd: AK).*



# Skógarferð um Snæfellsnes

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands og skógræktarfélaganna á Snæfellsnesi héldu í sameiginlega skoðunarferð um skóga á nesinu um miðjan september. Tilgangur ferðarinnar var öðrum þæði að efla kynni skógræktarfólks á svæðinu sem og að efla tengsl þess við starfsfólk Skógræktarfélags Íslands. Þarna gafst formönnum mismunandi skógræktarféлага tækifæri á að sýna nágrönnum sínum reitina sína og segja frá framkvæmdum í skóginum.

Þó að Snæfellsnesið sé þekkt fyrir ýmislegt annað en skóga er þar að finna marga áhugaverða reiti sem eru í umsjón skógræktarfélaganna á staðnum. Þar af eru tveir Opnir skógar, Hofsstaðaskógur og Tröð.

Tilurð ferðarinnar má rekja til rannsóknar franska mannfraeðingsins Elisabeth Bernard á skógræktarfélagunum á Íslandi. Meðal þess sem fram kom í viðtölum hennar við forsvarsmenn skógræktarféлага var að í mörgum tilfellum er lítill samgangur og samvinna milli skógræktarféлага sem starfa í sama landshluta þrátt fyrir að stutt sé á milli staða.

Almenn ánægja var með ferðina meðal þátttakenda og hefur Skógræktarfélag Íslands í hyggju að efna til fleiri slíkra ferða þar sem fulltrúar skógræktarféлага á afmörkuðu svæði fá tækifæri til að hittast, skoða reiti nágranna og bera saman bækur sínar.



Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands og skógræktarfélaganna á Snæfellsnesi í Réttarskógi í Ólafsvík en þar hefur verið byggð upp góð aðstaða til útivistar á undanförunum árum. (Mynd: RF).



Gunnar Njálsson, formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar, sýnir gestum skógræktarsvæði félagsins (Mynd: RF).



Björn Ásgeir Sumarliðason leiðir fólk um skóglendi í Stykkishólmi (Mynd: RF).



# Leikföng úr grisjunarviði

Hjá Skógræktarfélagi Akraness fellur nokkuð til af grisjunarviði á ári hverju þó enn sé skógurinn ungur. Mest er þetta víðir sem er úr sér sprottinn en einnig er nokkuð af öðrum trjategundum eins og birki sem vex of þétt og þarf því að grisja.

Rannveig Jóna Hallsdóttir leikskólakennari fékk greinar niðursneiddar í kubba sem leikskólakrakkar gætu leikið sér með, raðað og búið til alls konar ímyndaðar byggingar eða annað sem ríkulegt ímyndunarafl barna hvetur þau til að gera. Kubbarnir eru misstórir og henta því í mismunandi leiki eða til að búa til alls konar figúrur.

Trén voru geymd nokkurn tíma á þurru stað, sum í nokkra mánuði í upphituðum bílskúr. Þá voru þau sneidd niður og kubbarnir síðan þurrkaðir enn frekar. Eftir það eru þeir tilbúnir til notkunar fyrir börnin.

Rannveig lýsir kennslunni með trjákubbana svo:

Eftir nokkurra ára hlé frá kennslu hóf ég aftur störf í leikskóla og hreifst mjög af kennsluaðferðum og aðbúnaði í skólanum. Það sem heillaði mig mest var að sjá hvað börnin höfðu greiðan aðgang að opnum efnivið til leikja, listsköpunar og allskyns vísindarannsókna.

## Býður upp á marga möguleika

Opinn efniviður býður upp á marga möguleika og getur verið hvað sem er. Hægt er að leika með opinn efnivið á ótal vegu þar sem ekkert er fyrir fram ákveðið. Trjágreinar, könglar og laufblöð geta verið leikföng ef það fangar leikinn því leikföng geta verið svo miklu meira en dót úr næstu búð.

Börn eru forvitin, hafa ríkt ímyndunarafl og sköpunargleði og þau njóta þess best að fá að kynnast og uppgötva veröldina á eigin forsendum. Með opnum efnivið þurfa börn að nota ímyndunarafl sitt og þau geta skapað eitthvað alveg einstakt.

Það er töfrum líkast að fylgjast með börnum skapa sviðsmyndir og heilu ævintýrin með allskyns tilfallandi dóti svo sem efnisbútum og böndum, krukku-lokum, töppum og trjábútum.

Með greininni fylgja nokkrar myndir af leikskólabörnum að nota trjáviðinn. Börn á grunnskólaaldri hafa einnig gaman af að leika með þessa kubba. Kannski að tré séu framtíðarleikföng barna eins og leggir og skel sem börn léku sér með áður fyrr?

*Rannveig Jóna Hallsdóttir leikskólakennari  
Jens B. Baldursson form. Skógræktarfélags Akraness*



*Opinn efniviður býður upp á marga möguleika og getur verið hvað sem er. Hægt er að leika með opinn efnivið á ótal vegu þar sem ekkert er fyrir fram ákveðið (Mynd: RJH).*



*Kubbarnir eru misstórir og henta því í mismunandi leiki eða til að búa til alls konar figúrur (Mynd: RJH).*



*Jens Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, sagar greinar niður í hæfilega búta fyrir börnin (Mynd: RJH).*



Gríðarmikinn reykmoök lagði upp af Heiðmörk þegar skógareldur geisaði þar í byrjun maí (Mynd: EJ).

## Gróðureldar skemma skóglendi

Skógræktarfolk var illilega minnt á þá hættu sem skóglendi getur stafað af eldi í þurrkatíðinni í vor þegar gróðureldar kviknuðu víða. Mesta tjónið varð í Heiðmörk þar sem um 60 hektarar af landi brunnu í byrjun maí. Stærstur hluti skóglendisins var ræktaður skógur en einnig brunnu nokkrir hektarar af náttúrulegu birki. Sérfræðingar frá bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá hafa tekið út svæðið enda ekki oft sem tækifæri gefst til að rannsaka áhrif svo víðtækra gróðurelda á lífríki.

Þá varð Skógræktarfélag Hafnarfjarðar einnig fyrir miklum búsifjum snemma í maí þegar hektari skóglendis brann á Langholti við Selhöfða nálægt Hvaleyrarvatni. Sem betur fer urðu starfsmenn félagsins fljótlega varir við eldinn og náðu því að afstýra því að verr færi. Á svæðinu hafa félagar í Skógræktarfélagi Hafnar-

fjarðar gróðursett undanfarin 20-25 ár og þar óx blandaður skógur með birki, greni, furu og fleiri tegundum, þar á meðal úrvali af asparklónum.

Allir lögðust á eitt við að hefta útbreiðslu eldanna í vor. Auk starfsmanna skógræktarfélaga komu að því verki starfsmenn skógræktarfélaga, slökkvilið, björgunarsveitir og Landhelgisgæslan sem beitti sérstakri slökkviskjólu í baráttu við eldinn í Heiðmörk. Eldarnir eru áminning um þá ógn sem stafað getur af gróðureldum hér á landi og ljóst að margir skógareigendur hyggi meira að þeim málum eftir en áður. Ef menn vilja kynna sér þær ráðstafanir sem gripa má til er þeim bent á vefinn grodureldar.is þar sem fjallað er um allt frá forvörnum til fyrstu viðbragða. Komið er inn á mismunandi þætti svo sem skipulag skóga, útbúnað til eldvarna og flóttáætlun.



Þremur vikum eftir eldinn var lággróður farinn að láta á sér kræla (Mynd: AK).



Starfsfolk Skógræktarinnar tekur út svæðið þremur vikum eftir eldinn (Mynd: AK).





Sigríður Aadnegard, Inese Elferte og Magdalena Berglind Björnsdóttir úr Soroptimistaklúbbnum við Húnaflóa gróðursetja grenitré í Gunnfríðarstaðaskógi (Mynd: PIK).



Grisjunarvinna í Álfholtsskógi. Þarna er gamall víðir felldur sem var upphaflega gróðursettur til að skapa skjól. Í sumar var jafnframt nýr kurlstígur lagður um Álfholtið sjálft (Mynd: RÐ).



Soroptimistar á Akranesi gróðursetja aspir og birkitré í Slögu á Akranesi en félagið hefur tekið að sér reit og hyggjast gróðursetja í hann á næstu árum (Mynd: JBB).



Starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur hafa undanfarin ár safnað saman greinum og sprekum til að nota í varpstæði flórgoða sem heldur til á Elliðavatni (Mynd: BJ).



Skógræktarfélag Borgarfjarðar gaf fólki kost á að gróðursetja í Toyota-skóginn á Varmalandi þegar Varmalandsdagar voru haldnir í sumar (Mynd: PE).



Nokkur skógræktarfélög tóku þátt í Lifi í lundi í júní, þar á meðal Skógræktarfélag A-Húnavetninga sem bauð upp á fræðslugöngu að bæjarrústunum á Gunnfríðarstöðum (Mynd: PIK).





Þegar búið var að undirrita samninginn við 66°N hélt öll hersingin til gróðursetningar (Mynd: BJ).

## Arion-banki og 66°Norður styrkja SÍ

Í sumar undirrituðu forsvarsmenn Skógræktarfélags Íslands tvo styrktarsamninga, annars vegar við Sjóklæðagerðina/66°Norður og hins vegar við Arion banka. Skógræktarfélag Íslands og Sjóklæðagerðin/66°Norður hafa gert með sér samstarfssamning. Samningur SÍ og 66°N er til fimm ára og er markmið hans að vinna sameiginlega að ræktun yndisskógar á Úlfjótssvatni, til að efla umhverfisvitund starfsmanna 66°N, binda kolefni og bæta umhverfið.

Samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í Úlfjótssvatnskirkju laugardaginn 29. maí. Að undirritun lokinni var haldið til gróðursetningar og fyrstu plönturnar settar niður, í blíðskaparveðri, þrátt fyrir að veður væri almennt frekar rysjótt þennan dag og virðast veðurguðirnir því hafa verið þessu verkefni velviljaðir! Dagskrá dagsins lauk svo með grilli í Útilífsmiðstöð skáta á Úlfjótssvatni.

## Lionsklúbbur Keflavíkur í samstarf við Kolvið

Kolviður hefur undirritað samstarfssamning við Lionsklúbb Keflavíkur og Skógræktarfélag Suðurnesja. Samstarfið lýtur að því að Lionsklúbbur Keflavíkur mun hvetja fyrirtæki og einstaklinga á Suðurnesjum til úrbóta í loftslagsmálum með því að kolefnisbinda hjá Kolviði og mun Lionsklúbburinn fá hlutfall af þeim viðskiptum sem til koma vegna hvatningar þeirra. Mun Lionsklúbburinn svo nýta hluta þeirrar upphæðar sem í þeirra hlut kemur til að styðja Skógræktarfélag Suðurnesja til ræktunar á yndisskógi við Seltjörn.

Boðið verður upp á þann möguleika á heimasíðu Kolviðar að merkja kaup á kolefnisbindingu Lionsklúbbum.

Samningur Arion banka og Skógræktarfélags Íslands um áframhaldandi stuðning bankans við félagið var undirritaður síðsumars og er til þriggja ára. Sá styrkur verður nýttur til að fjármagna verkefnið Skógarvist, skógargátt og lýðheilsa, sem er ætlað að hvetja til útivistar og bættrar lýðheilsu. Einnig nýtist styrkurinn í innleiðingu á forritinu Avenza sem ætlað er að halda utan um kortlagningu skógræktar með stafrænum hætti og þar með ná betri yfirsýn yfir útbreiðslu nýrra skóga og bindingu þeirra.

Arion banki hefur sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og á að auki í samstarfi við Kolvið varðandi mótvægisáðgerðir. Kolviður gróðursetti um 4.700 tré til að vega upp á móti losun bankans á árinu 2020.



Rafn Benediktsson frá Lionsklúbbi Keflavíkur og Berglind Ásgeirsdóttir frá Skógræktarfélagi Suðurnesja undirrita samninginn, ásamt Reyni Kristinssyni, formanni Kolviðar (Mynd: BJ).



# Gróðursett í Loftslagsskóga

Starfsmenn Reykjavíkurborgar og fjölskyldur þeirra fjölmenntu í hliðar Úlfarsfells í júní þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur og Reykjavíkurborg stóðu þar að sérstökum gróðursetningardegi í tengslum við verkefnið Loftslagsskóga. Þetta er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur og borgarinnar og gengur út á að kolefnisjafna starfsemi ýmissa sviða og stofnana borgarinnar og búa um leið til nýja útivistarskóga í borgarlandinu.

Skógræktaráætlun Loftslagsskóga gengur út á að á tíu árum verði gróðursett í 150 hektara svæði í suðurhlíðum Úlfarsfells. Mikið er lagt upp úr því að virkja almenning til þátttöku og því sérlega gleðilegt hve vel tókst til að þessu sinni.



Börnin létu ekki hvassviðri halda aftur af sér við gróðursetninguna (Mynd: HJ).



Ungir sem aldnir gerðu sér glaðan dag í hliðum Úlfarsfells (Mynd: HJ).



Að gróðursetningu lokinni var boðið upp á rjúkandi ketilkaffi og kakó (Mynd: HJ).

## Vinnukvöld í Smalaholti og í Sandahlíð

Mánudaginn 7. júní komu nokkrir félagar Skógræktarfélags Garðabæjar saman til samveru og vinnustundar í útivistarskógunum í Smalaholti og Sandahlíð í Garðabæ. Hluti hópsins bar áburð á eðalplöntur í Smalaholti í nágrenni við trjásýnistíg, sem liggur um svæði þar sem grunnskólabörn gróðursettu birki fyrir allt að 30 árum. Skógræktarfélagið ákvað síðan, í framhaldinu þegar skjól hafði myndast á svæðinu, að auka fjölbreytileikann og setja niður ýmsar eðalplöntur sem alla jafna vaxa ekki í Smalaholti enda jarðvegur frekar rýr. Regluleg áburðargjöf hjálpar til við að plönturnar nái að vaxa og dafna á svæðinu.

Hinn hluti hópsins hélt í Sandahlíð þar sem hann vann að grisjun á svæði þar sem víði og greni var plantað. Víðirinn hefur nú lokið hlutverki sínu sem skjól fyrir grenið.



Kristrún Sigurðardóttir og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir gróðursetja.





Sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands sumarið 2021. Frá vinstri: Serena (Ítalíu), Carlos (Spáni), Alexandra (Slóvakíu), Pol (Spáni), Ania (Póllandi) og Katrina (Austurríki) (Mynd: EJ).

## Sjálfbóðaliðar á ferð og flugi

Skógræktarfélag Íslands naut starfskrafta erlendra sjálfbóðaliða í sumar sem komu hingað fyrir tilstilli European Solidarity Corps (ESC) verkefnisins sem er hluti af Erasmus+ áætluninni. Sjálfbóðaliðarnir dvöldu hér á landi í fimm mánuði og unnu í reitum skógræktarféлага um land allt samhliða því að gróðursetja í landi Úlfjótssvatns þar sem höfuðstöðvar þeirra voru.

Verkefni sjálfbóðaliðanna miða að því að bæta aðstöðu í skógunum, t.d. með því að leggja nýja stíga og lagfæra þá eldri, byggja brýr eða tröppur eða grísa gamla reiti. Í störfum sínum hafa þeir notið leiðsagnar Narfa Hjartarsonar skógræðinema en þetta er þriðja sumarið sem hann starfar með sjálfbóðaliðum.



Tröppugerð í Réttarskógi í Ólafsvík en þar dvöldu sjálfbóðaliðarnir í tvær vikur (Mynd: EJ).

Þessum erlendu gestum er hvarvetna vel tekið og heimamenn undantekningarlaust þakklátir fyrir óeigingjarna vinnu þeirra í þágu samfélagsins og umhverfisins. Í flestum tilfellum vinna þeir verk sem líklega hefði ekki verið ráðist í án þeirra hjálpar.

Að auki naut Skógræktarfélagið starfskrafta fjölda annarra sjálfbóðaliða sem hingað komu til styttri dvalar, meðal annars frá samtökunum Working Abroad og Veraldarvinum. Tóku þeir einkum þátt í gróðursetningum á Úlfjótssvatni auk annarra tilfallandi verkefna. Skógræktarfélag Íslands þakkar öllum þessum sjálfbóðaliðum fyrir gott starf.



Laura, Irma, Hannah og Kerstin frá Veraldarvinum gróðursetja á Úlfjótssvatni (Mynd: EJ).





*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands fór fram í sal Arionbanka annað árið í röð en vonandi verður hægt að halda fundinn með venjulegum hætti að ári þegar ráðgert er að hann fari fram í Mosfellsbæ (Mynd: RF).*

## Stuttur aðalfundur vegna Covid

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands var haldinn í fundarsal Arionbanka í Borgartúni Reykjavík laugardaginn 2. október 2021 og var það 86. aðalfundur félagsins. Fyrirhugað hafði verið að halda fundinn með hefðbundnu sniði í Mosfellsbæ, með Skógræktarfélag Mosfellsbæjar sem gestgjafa, en vegna aðstæðna tengdra kórónuveiru reyndist það illmögulegt. Voru því eingöngu kjörnir fulltrúar skógræktarféлага boðaðir á fundinn, til að afgreiða skylduverkefni aðalfundar skv. 6. grein laga félagsins. Einnig var fulltrúum boðið upp á að fylgjast með fundinum í fjarfundi.

Fundurinn hófst með ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands,

þar sem hann fór yfir það helsta úr starfi félagsins frá síðasta aðalfundi. Brynjólfur Jónsson fór yfir reikninga félagsins og Þuríður Yngvadóttir, formaður Landgræðslusjóðs, flutti skýrslu sjóðsins. Reikningar og starfsskýrsla voru svo borin upp til samþykktar og var hvoru tveggja samþykkt samhljóða. Ein tillaga að lagabreytingu var lögð fyrir fundinn, er fólst í viðbót er tilgreindir hvað gera skuli við slit félagsins og var hún samþykkt með breytingum eftir umræður á fundinum. Tvær tillögur að ályktunum voru samþykktar, um bóta- mat á skógi og landsáætlun í skógrækt.

## Ungviður fær aðild að Skógræktarfélagi Íslands

Skógræktarfélagið Ungviður er orðið aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands og eru aðildarfélögin þar með orðin 63. Ungviði er einkum ætlað að vera vettvangur fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á skógrækt í víðu samhengi, allt frá landgræðslu til viðarnytja. Ný stjórn var kosinn í vor og er formaður Ragnar Gunnarsson. Nú þegar hefur félagið staðið fyrir vel heppnuðum gróðursetningarferðum og hefur fengið úthlutað litlum reit í Brynjudal þar sem félagar hyggjast rækta skóg. Frekari upplýsingar um félagið má finna á Facebook síðu þess og ef fólk hefur áhuga á að ganga til liðs við það er hægt að senda tölvupóst á [ungvidur@skog.is](mailto:ungvidur@skog.is).



*Nokkrir félagar í Ungviði við gróðursetningu á Háafelli við Úlfjótssvatn í haust (Mynd: EB).*